

Handleiðslufélag Íslands 20 ára

Eftir Elísabetu Sigfúsdóttur

Eftir Elísabetu Sigfúsdóttur: "Ekki er annað hægt en að skora á fagfélög innan heilbrigðisþjónustu að hvetja til að félagsmenn fái handleiðslu og er tækifærið nú."

Handleiðslufélag Íslands fagnar 20 ára afmæli í ár. Vegna þeirra fordæmalausis aðstæðna sem heimurinn hefur glímt við síðustu mánuði er afmælisráðstefna Handleiðslufélags Íslands færð til ársins 2021. Þessir tímar kalla enn frekar á að vekja athygli á mikilvægi handleiðslu í starfi. Nú stendur yfir Vika handleiðslunnar 22.-26. júní á Íslandi og er það hluti af samvinnuverkefni Evrópusamtaka handleiðara.

Faghandleiðsla er nýtt um allan heim fyrir fólk í hinum ýmsu störfum. Stór hluti heilbrigðisþjónustu erlendis hefur haft handleiðslu í tugi ára sem hluta af ráðningu í ný störf þar sem skilningur er á mikilvægi handleiðslu til að efla starfsgetu sína. Einnig er handleiðsla tækifæri til að skoða áhrif þungra og krefjandi viðfangsefna á starfsmanninn og hvernig bregðast megi við því. Handleiðsla stuðlar þannig að faglegum vexti einstaklingsins og styrkir fagsjálfið. Að auki er handleiðsla til að viðhalda starfsánægju og starfsþreki og þá einnig sem fyrirbyggjandi fyrir kulnun í starfi.

Hér á landi er handleiðsla meðal fagfólks að aukast og því ber að fagna. Enn er þó langt í land með að fag-handleiðsla sé hluti af t.d. ráðningarsamningum eins og þekkist erlendis.

Ekki er annað hægt en að skora á fagfélög innan heilbrigðisþjónustu að hvetja til að félagsmenn fái handleiðslu og er tækifæri nú á afmælisári Handleiðslufélags Íslands.

Í lokin vil ég minna á vitundarvakningu á handleiðslu í Evrópuviku handleiðslu og að fylgjast með fróðleiksmolum og kveðjum á heimasíðu og Facebook-síðu Handleiðslufélags Íslands og hvetja alla til að sækja ráðstefnu á vegum félagsins þann 28. maí 2021 þar sem erlendir fyrirlesarar verða bæði með fyrirlestra og vinnustofu.

Góðar stundir.

Höfundur er félagsráðgjafi, fjölskyldufræðingur og handleiðari. elissigf@landspitali.is



Elísabet Sigfúsdóttir